

VÍSINDAMÖNNUM VAR NEITAÐ UM VINNUAÐSTÖÐU Í EYJUM!

Leiðangur nju bandarískra rannsaka eldgosid i Vest-
vísindamanna, sem ætluðu að mannaeyjum, með full-

komnustu tækjum sem völ er á og ekki eru til hér á landi, fór að mestu út um þúfur um helgina vegna slæmrar fyrirgreiðslu og andúðar sem vísindamennirnir urðu fyrir, að því er Asgeir Long tjáði blaðinu í gær.

Leiðangurinn kom hingað þann 25. á vegum Smithsonian Institution í Bandaríkjunum, og var ekkert til sparað, að hann mætti heppnast. Var m.a. tug milljóna laser-geislataeki með í förinni, eitt af fáum sem til eru í heiminum og erfitt er að útvega. Það tæki átti m.a. að mæla glöðun jarðvegsins á sprungustað, en aldrei var hægt að beita því, þar sem aðeins tveir vísindamennanna fengu landgönguleyfi, en þeir iréðu ekki við að bera tækið á land.

Var þá leitad á náðir lögreglunnar um að skjólast með tækið upp á flugvöll, þar sem niðurstöður rannsókna kynnu að koma að góðum notum.

Sagði Asgeir, að svör lögregluvarðstjórans, er sam-

band var haft við, hafi verið á þann veg að það væri varðstjóranum fyrir beztu að þau væru ekki höfð eftir honum sem opinberum embættismanni. Reyndar voru leiðangursmenn búnir að verða fyrir hverskonar aðkasti í tilraunum sínum að komast út í Eyju.

Leiðangurinn hafði allar nauðsynjar, með sér til að þurfa ekki að vera upp á neinn kominn, en þurfti aðeins að fá landgönguleyfi fyrir allan hópin, til þess að hægt væri að koma sér fyrir og hefja rannsóknir.

Var þá haft samband við Steingrím Hermannsson forstöðumann Rannsóknarráðs ríkisins, og hann beðinn um að heimila fleirum leiðangursmönnum landgöngu, svo leiðangurinn hefði erindi sem erfíði, í þágu jarðeldaransókna á Íslandi, en Steingrímur neitaði að verða við þessari bön.

Meðan þessu fór fram, unnu leiðangursmennirnir sem biðu

um borð í bátum semfluttu þá til Eyja, stöðugt að því að skipa út buslóðum Vestmannaeyinga.

Meðal rannsókna, sem átti að framkvæma, voru athugasir sem leiða í ljós hversu hratt jörð fer undir hraun, athugun á öskufalli og eyðileggjarmætti þess miðað við veður o.fl. sem að gagni mætti koma varðandi upplýsingar um þróun þessa goss, og annara gosa í fram-tíðinni. Vísindamönnum, sem ætluðu að vera í 4 til 5 daga en aðeins voru í nokkra klukkutíma, tókst aðeins að taka nokkur sýni af öskufalli sem þegar hafa verið send út til London, og verða greind þar þegar í stað.

Leiðangur þessi kostaði tugi milljóna króna, þannig kostaði t.d. flutningurinn einn til Eyja, með M/B Guðmundi Þórðarsyni sem var að fara þangað, 50 þúsund krónur, en skipstjórninn Ólafur R. Sigurðsson gaf þá upphæð í Vestmannaeyja-söfnunina.

alþýðu
blaðið

FRÍÐJUDAGUR 30. JÁN. 1973 — 54. ARG. — 24. TBL.

Náðunum vísast ekki beitt 1974



„Menn geta alls ekki gengið út frá því sem visu að afbrotamenn verði náðaðir í sambandi við þjóðhátiðina 1974“, sagði Baldur Möller ráðuneytisstjóri í Dómsmálaráðuneytinu er blaðið ræddi við um sakaruppgjafir afbrotamanna.

Það virðist vera nokkuð útbreidd skoðun meðal almennings, að regla sé að gefa afbrotamönnum upp sakir við merk tímamót í sögu þjóðarinnar, og að slíkt muni eiga sér stað árið 1974.

Baldur kvað þessa skoðun alranga. Engar slíkar reglur væru til, og það væri bundið ákvörðun ráðherra hverju sinni hvort náðað yrði eða ekki. „Þetta er

algerlega tilfallandi ákvörðun í hvert skipti og mér vitanlega hefur ekki komið neitt til tals varðandi hugsanlegar náðanir árið 1974“, sagði Baldur.

Dómsmálaráðherra hefur gefið afbrotamönnum upp sakir í þremur tilfellum hér á Íslandi. Fyrst var það vegna lýðveldisstofnunarinnar árið 1944, þvinast vegna 50 ára afmælis heima-stjórnar árið 1954 og síðast á Skálholts-hátið 1963.

„Það er enginn vafi á því, að skiptar skoðanir, eru meðal manna um réttmæti náðana afbrotamanna, bæði meðal al-

Framhald á bls. 8.

33 ára gamall maður myrtur

Morð var framið á Höfn í Hornafirði á sunnudagsmorguninn, er maður skaut annan til bana með haglabyssu. Maðurinn sem drepinn var, hét Stefán Egilsson, 33 ára, ókvæntur og barnlaus, til heimilis á Höfn.

Hinn er einnig búsettur á Höfn, og hafa mennirnir þekkt lengi, en ekki er unnt að birta

nafn hans að svo stöðu. Menirnir höfðu setið að drykkju aðfaranótt sunnudagsins, en undir morguninn slettist eitthvað upp á vinskapi, og hugðist þá Stefán heitinn halda á brott.

Hinn hlóð þá haglabyssu og skaut á Stefán, sem mun hafa látist samstundis. Kona skotmannsins kallaði þegar á lög-

regluna, sem handtók manninn, og var hann fluttur til Reykjavíkur í umsjá sýslumannsins í Vík í Mýrdal.

Rannsókn í málinu er nú hafin, en í gær var ekki hægt að fá neinar viðbótarupplýsingar nema hvað maðurinn hefur verið úrskurdaður í allt að þriggja mánaða gæzluvarðhald og á að gangast undir gedrannsókn.

A myndinni er björgunarmaður einn að moka vikri ofan af þaki húss við Kirkjuveg í Vestmannaeyjum, en Kirkjuvegurinn er svo gott sem í miðbænum, svo ljóst má vera hversu ástandið er orðið alvarlegt í bænum. Á 3. síðu er fjallað nánar um ástandið í Eyjum um helgina. Mynd: Friðþjófur.

Ástandið

HLUPU Á ÓHEPPI-LEGUM TÍMA

„Einhvers konar viðavangshlaup taði fyrir flutningum frá Þorlákshöfn í gær“, sagði bifreiðastjóri, sem kom að máli við Alþýðublaðið.

Maður þessi, Jóhann F. Hannesson, sem er gamall Vestmannaeyingur, hefur lagt dag við nótt í flutningum á fólki og búslóðum úr Eyjum frá því þeir höfust, frá Þorlákshöfn. Kváð hann lögreglubifreið með ljósmerkjum hafa farið fyrir hópi hlaupara og aðra á eftir, og hefði þessi fylking teppt eðlilega ferð tuga bifreiða, sem hefði unnið að hjálparstarfi við flutninga frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur seinni hluta dags á sunnudag. Kváðst hann hafa fengið kaldar kvæðjur lögreglumanna, sem ráku þessa lest, þegar hann óskaði eftir því, að flutningar yrðu látnir hafa forgang fyrir þessu hlaupi.

Jóhann kváð sér alveg meinlaust við bæði íþróttir og lögreglu, en fjölmörgum, sem þarna urðu fyrir töfum, hefði hitnað í hamsi. Taldi hann þetta tiltæki fyrir neðan allar hellur og lýsa einkennilegu skilningsleysi á því starfi, sem þarna væri verið að vinna, og tillitsleysi við hugarástand fólksins, sem í nauðum væri státt af alkunnum ástæðum.

Hlaupið sem átt er við er svokallað Kambahlaup Hérbassambandsins Skarphéðsins og IR, sem hlaupið er frá Kambabrún til Reykjavíkur.

„FRÍÐURINN“ Í VIETNAM HEFUR KOST-AD 1800 MANNS LÍFIÐ

Það á að heita vopnahlé í Vietnam, — en samt hafa bardagar þar aldrei verið blóðugri en einmitt nú. Vopnahléið hefur verið rofið um allt landið, einnig í Kambódíu.

Talið er að fjöldi fallinna um helgina og í gær hafi verið a.m.k. 1800.

AUGLÝSINGASÍMINN OKKAR ER 8-66-60

ÚTGÁFA LITMYNDA VERÐUR Í ÞÁGU HJÁLPARSTARFSINS

Með samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur gætt kvenfélagið Heimaeýja útgáfu á allmörgum lit-postkortum frá náttúruhálförnum í Eyjum. Þeim til aðstoðar verður Sólarfilma sf. svo og hópur gamalla skáta frá Vestmannaeyjum. Tilgangur þessarar útgáfu er að afla fjár til hjálparstarfsins.

EYJAR

Bæjarstjórn Húsavíkur samþykkti á bæjarstjórnarfundum þann 25. janúar, að senda Vestmannaeyingum kveðjur sínar og lýsa yfir aðdáun sinni á æðruleysi þeirra í viðureign við náttúruöflin. Bæjarstjórn Húsavíkur býður fram alla þá fjárhags- og félagslega aðstoð, sem henni er unnt að veita í samvinnu við bæjarstjórn Vestmannaeyja. Bæjarstjórn Húsavíkur samþykkti jafnframt, að benda hæstvirkum félagsmálaráðherra á þá hugmynd, að leyfa aukaálag á yfirstandandi ári, sem myndi sjóð til styrktar Vestmannaeyingum.



Bæjarstjórn Keflavíkur sendir bæjarstjórn Vestmannaeyja og öllum íbúum Vestmannaeyja samúðarkveðjur vegna þeirra válegu atburða, er nú standa yfir og heitir jafnframt allri þeirri aðstoð, sem bæjarfélagið getur látið í té. Bæjarstjórnin samþykkti einnig að fela bæjarstjóra, að rita Varnarmáladéild utanríkisráðuneytisins og skora á hana að hlutast til um, að Varnariðbú rými sem allra flestar íbúðir í Keflavík, sem á vegum þess eru.



Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi hafa farið þess á leit við öll sveitarfélög innan samtakanna, að þau leggja fram úr sveitarsjóðum fé, sem nemi að minnsta kosti 500.00 kr. pr. íbúa viðkomandi sveitarfélags, til styrktar Bæjarstjórn Vestmannaeyja. Hefur öllum oddvítum í Suðurlandskjördæmi verið send tilkynning um þessa ákvörðun og átt er stjórn samtakanna hafa samband við þá um framkvæmd málsins eftir helgina.

Hér er svo orðsending til allra Vestmannaeyinga frá skrifstofunni í Hafnarbúðum: Vestmannaeyingar, sem ekki hafa tilkynnt nú númerandi dvalarstað til skrifstofunnar, eru beðnir um að gera það strax og því verður við komið. Þeir, sem skipt hafa um dvalarstað síðan þeir komu fyrst frá Vestmannaeyjum eftir að gosið hófst, eru sérstaklega beðnir um að tilkynna nú þegar, hvar þeir dveljast. Auk götu- og húsnúmers, eða húsheitis, þarf að tilkynna fæðingardag og ár, og enn fremur nafn og símanúmer þess húsráðanda, sem dvalitz er hjá.



Lionsklúbbur Þórshafnar sendir Vestmannaeyingum samúðarskeyti í gegnum Lionsklúbbinn Aegi, og býður fram alla þá aðstoð, sem klúbbnum er fært að láta í té.



Lúðrasveitin Svanur heldur tónleika næstkomandi laugardag 3. febrúar klukkan 15, klukkan 3 e.h.

Allur ágóði af tónleikum rennur til Rauða kross Íslands og verður varið til hjálparstarfs vegna eldgossins í Vestmannaeyjum.

Stjórnandi er Jón Sigurðsson og einleikari á klarinettu er Björn Leifsson.

Sérstakur gestur lúðrasveitarinnar verður Ellert Karlsson, stjórnandi Lúðrasveitar Vestmannaeyja, og mun hann stjórna útseltingu sinni á lagasyrpu eftir Arna Thorsteinsson.

Flutt verður tónlist við allra hæfi.

Aðgöngumíðar kosta aðeins 100 krónur og fást hjá Svansmönnum og við innganginn.

Skemmtanir til styrktar

Í kvöld:

Hljómsveitir og þjónar gefa til Vestmannaeyjasöfnunar Rauða kross Íslands allar tekjur af skemmtun, sem haldin verður í Veitingahúsinu við Lækjarveg í kvöld. Fjórar hljómsveitir, Brimkló,

Haukar, Logar og Kjarnar, leika fyrir dansi á þessari skemmtun, sem umboðsskrifstofa Amunda Amundasonar hefur gengist fyrir og skipulagt, en allir, sem leggja henni lið gefa framlag sitt.

Annað kvöld:

Vegna hinna válegu atburða sem hafa átt sér stað í Vestmannaeyjum hafa allir Íslendingar fundið knýjandi þörf innra með sér að leggja allt sitt fram til að veita Vestmannaeyingum alla þá hjálpar og stuðning sem mest má verða. Annað kvöld verður haldin fjöldaskemmtun í Háskólalóbi til styrktar hjálparstarfi þessu. Fjöldi landsþekktara skemmtikrafta og annarra sem koma fram á þessu kvöldi vill sýna hug sinn í garð Vestmannaeyinga og er öll þeirra vinna lögð fram andurgjaldslaut.

Háskólaráð lagði fúslega fram Háskólalóbi sem einnig er

lanað endurgjaldslaut. Fjöldi manna hefur unnið að því að hrinda þessu máli í framkvæmd. Samúðin ein með Vestmannaeyingum er ekki alveg nóg og vonast allir sem skerf sinn til máls þessa leggja, að Reykvikingar og fólk annarsstaðar af landinu fjölmenni á miðvikudagskvöldið í Háskólalóbi.

Skemmtunin hefst kl. 9.00 og kostar aðgöngumíðinn kr. 300.00. Meðal sérlegra gesta kvöldsins verða: Forseti Íslands, Kristján Eldjárn og biskupinn yfir Ísland, séra Sigurbjörn Einarsson.

þeir, sem að þessum málum standa, munu vinna endurgjaldslaut, svo að allur ágóði geti runnið óskiptur til Vestmannaeyinga.

Allir aðilar, sem eiga myndir og vilja leggja þessu máli lið með því að láta þær í té, eru góðfúslega beðnir að snúa sér til Sólarfilmu, Bragagötu 27 í Reykjavík

— Sími: 12277 — sem allra fyrst, en þar verður myndunum veitt viðtaka og greitt fyrir þær eftir samkomulagi.

Ráðgjert er að selja kortin um allt land og erlendis líka. Því er treyst, að margir verði til að útselja myndir, og vonir standa til, að töluvert fé megi hafa upp úr þessari útgáfu.

BÝR EINN Í ÞRIGGJA HÆÐA HÚSI

Rafveitan á Akranesi rýmdi í gær skrifstofur sínar fyrir níu manna fjölskyldu úr Vestmannaeyjum, sem nú hefur sett að á skrifstofunum, að því er blaðið fregnadi í gær hjá upplýsingaskrifstofu, sem sett hefur verið upp á Akranesi.

Við þá athugun, sem húsnæðismíðunin á Akranesi hefur gert þar á lausu húsnæði, hefur fjöldi lausra íbúða og herbergja komið í ljós, en húsnæðisskortur hefur verið á Akranesi fram til þessa.

Er a.m.k. búið að koma á milli 10 og 20 fjölskyldum frá Eyjum þar fyrir nú þegar, og fjöldi lausra íbúða er í athugun, m.a. með hlöðsón af hvort þær eru íbúðarhæfar og hvað þarf að lagfæra.

Einnig er kunnugt um nokkra einstaklinga, sem búa í stórum húsum, og þannig býr Akurnesingur nokkur, t.d. einn í þriggja hæða húsi.

Þá hefur KFUM boðist til að starfrækja búðir sínar í Vatnaskógi í vetur, og leggja fram starfslið, en þar getu 30 til 40 manns hæglega búið.

Einnig stendur 40 manna heimavist ónotuð við barna- og unglingaskólann í Leirarsveit, og er verið að kanna hvort heppilegt verði að taka hana í notkun við að hýsa Vestmannaeyinga. Þar er eildunarastæða.

Að sögn talsmanns húsnæðismíðunarinnar á Akranesi, hafa Skagamenn tekið vel við sér í útselningu húsnæðis, og er ekki talið ólíklegt að unnt verði að hýsa þar nokkra tugi fjölskyldna.

Atvinna er einnig nóg á Akranesi núna. Einkum vantar iðnaðarmenn, helzt járnnaðarmenn, trésmíði, múrara og verkamenn.


HÓTAR HER-SKIPAVERND

Brezka stjórnin vísaði frá í gær tillögu brezks þingmanns um að ráðherranefnd EBE beitti sér fyrir því að löndunarþann yrði sett á íslenzk fiskiskip.

Sir Alec Douglas-Home sagði að það væri ósk stjórnarinnar að ná á fríðsamlegan hátt samkomulagi við íslenzku stjórnina, og stjórnin yrði ekki til þess að taka slíkt skref sem löndunarþann.

Samt varði utanríkisráðherrann Íslendingar við því að efna til áreistra við brezka togará. Sagði að sá tími kynni að koma að því yrðu að fá herskipavernd.

Skrifstofur rýmdar heimavistir og sumarhúðir gerðar að bústöðum Vestmannaeyinga



Sigurður Sigurðsson, skipstjóri BJARGAÐI

TVEIM SKIPS-HÖFNUM SAMA SÓLAR-HRINGINN

Dagfari frá Húsavík bjargaði tveim skipshöfnum á sama sólarhringnum. Kl. 6.20 í gormorgun strandaði Reykjanesið frá Hafnarfirði á Hvalbak, sem er klettur nyrst á Hvalbaksgrunni, austur af Papey. Næstu skip voru Dagfari og Höfrungur. Kom Dagfari línu yfir í Reykjanesið og dró það inn á Eskjfirðir og kom þar að bryggju kl. 16.45 í gær. Reykjanesið komst með eigin vélaraffli af skerinu, en leki kom í framlestina og fór skipshöfnin yfir í Dágarfara. Eftir strandir var stýrið á Reykjanesinu fast alveg í borð, svo að drátturinn gekk hægt, þar sem skipið leitaði þvert á stefnunna. Eigandi Reykjanesins er Íshús Hafnarfjarðar hf. Agust Flygenring, framkvæmdastjóri, sagði blaðinu, að ekki væri kunnugt um nánari atvik strandsins, en farið yrði með það í slipp á Norðfirði til skóðunar og viðgerðar. Kváð hann skipið hafa verið nýkomandi á löbnumiðin, þegar óhappið varð. Reykjanesið er 199 lesta stálskip, smíðað í Sandefjord í Noregi árið 1964.

Er björgunarstarf Dagfara rómað, en skipstjóri á honum er Sigurður Sigurðsson frá Húsavík. Er afrek hann einstætt. Dagfari er um 270 lesta stálskip, smíðað í Austur-Þýskalandi 1967.

Aðstoðartilboðin

Það var óvenjuleg yfirlýsing, sem ríkisstjórnin birti í fyrradag. Hún taldi ástæðu til þess, að taka það sérstaklega fram, að

það væri úr lausu lofti gripið, að nokkru tilboði frá erlendum aðilum um aðstoð i sambandi við hörmungar Vestmannaeyinga hefði

verið hafnað. Slika yfirlýsingu gefur ríkisstjórn varla, nema hún hafi vitað, að um almannaróm var að ræða. Nú er til orðtak,

sem segir, að sjaldan ljúgi almannarómur. Samt vill Alþýðublaðið engan veginn halda því fram, að ríkisstjórnin fari ekki með rétt mál i yfirlýsingu sinni. Allir góðir Íslendingar vona að sjálfsögðu, að það sé satt og rétt, sem þar

segir. En Vestmannaeyingar hafa komið saman til fundar til þess að ræða þessi mál og önnur i sambandi við vandamál sin. Aður en meira er sagt um þessi mál er bezt að biða þess, sem fram kemur á þeim fundi.

EINAR OG SIR ALEC

Þær fregnir, sem bárust hingað i síðustu viku um ræðu, sem utanríkisráðherra Breta hafi haldið i brezka þinginu um landhelgisdeiluna, hafa vakið mikla athygli, bæði hér og erlendis. Þar sagði hann, að hann hafi sent íslensku ríkisstjórninni tilboð um bráðabirgðasamkomulag, sem hafi verið gert samkvæmt til-

mælum utanríkisráðherra Íslands i viðtölum þeirra á milli. Samkvæmt þessu á íslensku utanríkisráðherra m.ö.o. að hafa sagt við hinn brezka starfsbróður sinn: Ef þið fallist á þessa lausn, þá getum við gert samkomulag. Sir Alec fellst á lausnina og gerir tilboð um hana. Síðan segist hann biða lengi eftir svari. Loksins þegar það hafi

borizt, hafi það verið neikvætt. Slikt segist utanríkisráðherra Breta ekki geta skilið.

Þetta eru einhverjar alvarlegustu fréttir, sem af viðræðunum við Breta hafa borizt. Ekki kom fram, hvað fólst i tilboðinu i einstökum atriðum. En augljóst er, að ef utanríkisráðherra Breta segir brezka þinginu satt, þá

hefur íslensku utanríkisráðherra sagt þjóð sinni ósatt eða a.m.k. leynt hana örlogaríkum sannleika.

Það hefur aldrei verið frá því skýrt hér á landi, að brezka stjórnin hafi gert íslensku ríkisstjórninni tilboð, sem eigi sér uppruna sinn hjá íslensku utanríkisráðherra i viðtölum hans við hinn

brezka starfsbróður sinn.

Þjóðin á heimtingu á að fá að vita sannleikann i þessu máli. Hér er um örlogaríka framtíðarhagsmunir Íslendinga að tefla. A slíkum málum verður að halda af festu og drengskap.

Hér verður utanríkisráðherra Íslands að gera hreint fyrir sinum dyrum.

Dr. Kjartan Jóhannsson, verkfræðingur

Lífi Vestmannaeyinga er borgið — en hvað tekur við?

Atvinnu- og húsnæðismál Eyjamanna verður að leysa í samhengi og með félagsleg sjónarmið i huga

Hugur allra Íslendinga hefur verið bundinn við Vestmannaeyinga og Vestmannaeyjar undanfarna daga.

Stöðugar lýsingar hafa borizt af hrikaleik náttúruhamfaranna. Snarræði við giftusamlegan flutning Vestmannaeyinga til lands vakti aðáun. Þrotlaust starf við úttegum bráðabirgðahúsnæðis og björgun húsnúna og annarra verðmæta hefur lýst dug og útsjónarsemi. Margar hendur hafa hjálpað að og samhugur þjóðarinnar hefur komið glöggt i ljós. En næst því að bjarga mannslífum er stærsta verkeið óunnið, það verkefni að búa Vestmannaeyingum viðunandi lífskjör i náinni framtíð.

Nú virðist óvarlegt að ætla, að athafnallf geti orðið i Eyjum á þessum vetri og jafnvel hinum næsta, þótt óskir okkar og vonir standi til þess, að svo geti orðið og hamförunum linni senn. Aðsigling hafnarinnar hefur grynkað og verulegur hluti byggðarinnar hefur færzt i kaf i ösku eftir fimm daga gos. Þótt gosið stæði einungis i mánuð málgloggt sjá hvert stefnir. Óviða mun óskufall i bæn um minna en 20-30 sm nú og svarar það til 1-2 metra á mánuði með sama áframhaldi. Jafnvel þótt gosið standi skammt verðum við þannig að vera viðbúin fleiri mánaða útleög Eyjaskeggja. Hún gæti jafnvel taliz i árum, ef vonir okkar ræstast ekki um, að gosinu ljúki bráðlega. I ljósi þessara staðreynda verður að leysa vandamál Vestmannaeyinga i landi.

Mikið er i hufi fyrir Vest-

mannaeyinga og þjóðina alla, hvornig sú urlausn tekst.

Húsnæði og atvinna fylgist að

Að mörgu þarf að hyggja, en atvinnumál og húsnæðismál munu þó mikilverðust.

Kannanir hafa gefið til kynna, að tæknileg afkastageta muni vera fyrir hendi á Suð-Vesturlandi til þess að taka við aflla Eyjabáta á vertíð. Vestmannaeyingar gætu fengið atvinnu við að vinna þennan aflla i landi. Framleiðslutap þjóðarbúsins þyrfti þess vegna ekki að verða mjög mikið, ef vel tækist til um að skapa bátunum löndunaraðstöðu og Vestmannaeyingum vinnu i landi við aflla báta sinna.

Skipulag þessara mála og lausn á húsnæðisvanda Eyjamanna i samræmi við möguleika til úrvinnslu aflans mun ráða miklu um það, hvort þjóðhagslegt skakkafall verður meira eða minna.

Reisa verður nokkur hundruð íbúðir

I Vestmannaeyjum munu vera um 1300 íbúðir. A höfuðborgarsvæðinu hefur verið húsnæðis-skortur. Þótt vandlega yrði leitað að onotuðu íbúðarhúsnæði eða einhverjum byggingarframkvæmdum flýtt virðist mér ljóst, að fjöldi íbúða sem fyndist yrði vart nema fáein hundruð i mesta lagi. Hætta er á því, að reynt yrði að nýta óviðunandi húsnæði og stórum fjölskyldum yrði jafnvel tvístrað. Af þessu gæti leitt ýmis félagsleg vandamál með ófyrir-

vegna náttúruhamfaranna. Sú aðstoð geti m.a. falizt i því að láta okkur i té sliki íbúðarhúsum.

I mörgum sveitarfélögum munu vera möguleikar á að finna hentug landssvæði undir þessa byggð, þar sem sjá mætti henni fyrir vatni, frárænnli og rafmagni með skömnum fyrirvara. I þessum byggðum yrðu Vestmannaeyingar innan um fyrri granna og hin félagslegu umskipti yrðu ekki eins mikil og ella. Góður bústaður er grundvallarskiilyrði góðrar lífbunar. Því er skjótráð lausn mikil nauðsyn. Byggðum þessum yrði að velja stað i hinum ýmsu sveitarfélögum i samræmi við möguleika til þess að veita Vestmannaeyingum atvinnu þar og taka við aflanum af bátum þeirra.

Vinnufélagar haldi hópinn

I Vestmannaeyjum hafa verið starfandi mjög öflug fyrirtæki. Ýmis þeirra hafa verið til fyrirmyndar um vinnubrögð öll og stjórnun og þar hefur harðduglegt fólk i samhengi starfi náð miklum afköstum. Það verður að teljast óheppilegt að þessir starfshópar einstakra fyrirtækja úr Eyjum tvístrist. Ekki sit á þetta við, ef bráðlega reynt unnt að hefja atvinnurekstur i Eyjum að nýju. Þess vegna ætti að kanna til

þrautar, hvort ekki sé unnt að flytja starfsrækslu fyrirtækja úr Vestmannaeyjum i sem heillegustu lagi til einstakra fyrirtækja i landi, þannig að starfshópar, sem unnið hafa saman i Eyjum geti haldið því áfram. Vissulega munu vera á þessu ýmis vandkvæði, en að svo miklu leyti sem þetta reynt kleift, er líklegt, að þau fyrirmyndarvinnubrögð, sem þróast hafa i Eyjum kæmst bezt til skila. Þó er hitt ekki minna virði, að fólki úr Eyjum fengi atvinnu með sínum fyrri félögum og rökunin á högum þess yrði þannig minni. Það væri að vissu leyti „heima“ i vinnunni, þótt að heimán sé. Trú mín er sú, að gisti- rekstur af þessu tagi sé i allmörgum tilvikum mögulegur.


Skjött viðbrögð

Húsnæðisvanda og atvinnumál Vestmannaeyinga verður að leysa i samhengi. Skjótverk lausn húsnæðisvandans þóir ekki bið. Leggja verður áherzlu á, að Vestmannaeyingar fái tækifæri til þess að búa saman og starfa saman eftir því sem kostur er en tvístrist ekki, svo að félagsleg rökun verði sem minnst. Undir urlausn þessara mála er hamingja fólksins úr Eyjum og heill þjóðarinnar komin. Verði skjött við brugðið og skipulega mun vel úr ræstast.

ALÞÝÐUFLOKKSFÉLAG REYKJAVÍKUR AUGLÝSIR

VIÐTALSTÍMAR

ÞINGMANNA OG BORGARFULLTRÚA ALÞÝÐUFLOKKSINS



Eggert G. Þorsteinsson

Stjórn Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur hefur ákveðið að gangast fyrir því, að Reykvikingum gefist tækifæri á að hitta að máli þingmenn Alþýðuflokksins úr Reykjavík og borgarfulltrúa. I þeim tilgangi mun stjórnin auglýsa viðtalstíma reglulega hvern fimmtudag á tímabilinu frá kl. 5 til 7 e.h., þar sem hinir kjörnu fulltrúar Reykvikinga úr Alþýðuflokknum skiptast á um að vera til viðtals. Viðtalstímarir verða haldnir á skrifstofu Alþýðuflokksins, Hverfisgötu 8-10.

Fimmtudaginn 1. febrúar, er það Eggert G. Þorsteinsson, sem verður til viðtals á skrifstofu Alþýðuflokksins frá kl. 5 til 7 e.h. Reykvikingar eru hvattir til þess að nota tækifærið til viðræðu við þingmanninn. Síminn i viðtalsherberginu hefur númerið 1-50-20.

Alþýðuflokkfélag Reykjavíkur

Sé tjóninu deilt niður á þjóðina —

250 ÞÚSUND KRÓNUR Á FJÖLSKYLDU

„Jardeldurinn í Heimaey stofnar í stórhættu öllum mannvirkjum í Vestmannaeyjum. Þess er enginn kostur að meta nú af nákvæmni, hvert sé heildarverðmæti þeirra eigna, sem í Eyjum eru bundnar, né heldur hvernig meta eigi líkurnar á því, hvort eða að hve

miklu leyti þær fari forgörðum vegna eldgossins. Hér eru óvissuatriðin afar mörk.

Lauslegar áætlanir benda til þess, að endurnýjunarverð þeirra eigna, sem öflýttjanlegar mega teljast, séu í námunda við 10 milljarða króna.

Við þær aðstæður, sem nú blasa við, sýnist óvarlegt að atla til þess lægri fjárhæð en 1000 milljónir króna þegar á þessu ári til að mæta kostnaði við vernd og endurreisn byggðar Vestmannaeyinga og til að bæta eignartjón. Síðar gæti þurft hærri fjárhæðir í þessu skyni, auk þess sem óeðlað þarf að létta skuldabyrði af Vestmannaeyingum vegna eigna, sem nú hafa orðið þeim óarðgæfar í einu veltvangi af völdum blindra náttúruafna.

Nidurstæða skyndisköðunar á umfangi þess tjóns, sem af eldgosinu í Heimaey hlýzt, hefur orðið sú, að þegar á þessu ári gæti þurft að afla a.m.k. 2000 milljóna króna til þess að tryggja sé, að þjóðfélagið geti örugglega

rækt skyldur sínar við Vestmannaeyinga.

Jafnframt er það ljóst, að það áfall, sem þjóðarbúið í heild hefur orðið fyrir, gerir það brýnt, að nokkuð verði dregið úr innflutningi og heildarútgjöldum. Það má öllum vera ljóst, að þegar sá landstólpi, sem Vestmannaeyjar eru, verður fyrir slíku áfalli, þá verður þjóðin sem heild að draga nokkuð úr útgjöldum sínum, auk þess sem tryggja þarf tilfærslu fjármuna til þess að sinna þjóðfélagslegum skyldum við Vestmannaeyinga.”

Þannig komst Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra m.a. að orði í ræðu í sameinuðu alþingi í gær, er hann fylgdi úr hláði þingsályktunartillögu, sem hann flutti sjálfur um neyðarráðstafanir vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og afleiðingar þess í gær. Miðað við að deila endurnýjunarverðinu á alla íbúa landsins koma 50.000

„Fyrstu orð mín skulu vera þau, að láta í ljós djúpa samúð í garð Vestmannaeyinga, sem orðið hafa fyrir hörmulegustu áföllum, sem yfir Íslenzku þjóðina hafa dunið öldum saman”, sagði Gylfi Þ. Gíslason, formaður Alþýðuflokksins í umræðunum um þingsályktunartillögu þá, sem Ólafur Jóhannesson flutti á Sameinuðu þingi í gær um neyðarráðstafanir vegna jarðbelda í Vestmannaeyjum.

Gylfi sagði ennfremur: „Jafnframt læt ég í ljós aðdáun á því ærúleysi, þeim kjarki, sem Vestmannaeyingar hafa sýnt í ótrulegum erfiðleikum. Íslendingar mega vera stoltir af því, að meðal þeirra skuli vera svo staðfast og sterkt fólk, sem Vestmannaeyingar hafa reynt í þessari raun.

Það vekur ekki aðeins von um það veldur vissu um, að það böl, sem nú verður að bera, verður bætt, og að aftur verði blómleg byggð í hinum fögru eyjum, sem verið hafa þryði Íslands.

Það er skoðun Alþýðuflokksins, að sá vandi, sem að hefur borðið, sé vandi Íslendinga allra.

„Vekur von um að aftur verði blómlegt leg byggð í hinum fögru eyjum”

Einhuga þjóð á að takast á við hann. Með því móti og með því móti einu mun verða sigrazt á honum. Eg vona af alhug, að gæfa Íslendinga verði slík, að það megi takast.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur rætt þá tillögu til þingsályktunar, sem hæstv. forsætisráðherra hefur mælt fyrir. Þingflokkurinn samþykkti einróma að greiða tillögunni atkvæði.”

krónur í hvers hlut, eða kr. 250.000 á meðalfjölskyldu.

Þingsályktunartillagan, sem samþykkt var með samhljóða atkvæðum þingmanna úr öllum flokkum í gær, er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða sjö alþingismönnum til þess að gera tillögur um neyðarráðstafanir vegna eldgossins í Heimaey og um fjárföflun þeirra vegna. Skal hún þegar hefja starf og skila tillögum sínum í frumvarpsformi svo fljótt sem nokkur kostur er. Tillögur nefndarinnar skulu við það miðaðar, að búsfjar af völdum náttúruhamfaranna séu bornar af þjóðinni allri sam-eiginlega.

Jafnframt heimilar Alþingi ríkisstjórninni að taka bráðabirgðalán í Seðlabanka Íslands eða annars staðar af fjárhæð allt að 500 milljónir króna til þess að standa undir kostnaði, sem þegar er áfallinn, og margvíslegum ráðstöfunum, sem ekki verður komizt hjá að gera án tafar.

Bráðabirgðalán þetta skal endurgreitt af væntanlegri fjárföflun samkvæmt ákvörðun Alþingis. Ráðstöfun fjár þess, er tekið verður að láni til bráða-

birgða skv. framansögu, skal vera í höndum nefndar þeirrar sem ríkisstjórnin skipaði 23. janúar s.l. til að rannsaka hverjar afleiðingar náttúruhamfarinnar í Vestmannaeyjum geta haft á efnahagslega afkomu þjóðarbúsins og hver úrræði eru helzt fyrir hendi til að draga úr þeim afleiðingum. Samkvæmt skipunarbréfi sínu ber þeirri nefnd að hafa samráð við þærjartjórn Vestmannaeyja.”

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir m.a.:

„Það er óhjákvæmilegt, að gerðar séu neyðarráðstafanir vegna eldgossins í Heimaey. Þær neyðarráðstafanir eiga að byggjast á sameiginlegu átaki þjóðarinnar allrar. Um það átak þarf að vera einhugur þings og þjóðar. Það mun vera ósk allra þingflokka, að þannig sé að málinu stæði.

Æskileg samstæða allra þingmanna, jafnt sjónarliða sem stjórnarandstæðinga, sýnist best tryggð með því að veita Alþingi sjálfu beina aðild að undirbúningi tillagna um nauðsynlegar neyðarráðstafanir á þann hátt sem gert er Framhald á bls. 8.

**SAMSTÆDA
ALLRA
UM NEYÐ-
ARRÁÐ-
STAFANIR**

Gæti aðstoð orðið í formi tilbúinna húsa

„Þeim ríkjum öllum, sem búið hafa fram aðstoð hefur verið þakkað með þeim orðum, sem maður hefur bezt ráðið yfir, og tekið fram, að aðstoð yrði að sjálfsöguð þegin með þökkum.”

Þannig komst Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra m.a. að orði í ræðu í sameinuðu Alþingi í gær. Lýsti hann því yfir, að allar sögusagnir þess efnis að ríkisstjórnin hafi hafnað aðstoð, sem boðin hafi verið fram af hálfu erlendrar ríkja voru tilhæfulausar.

„Þetta er alger misskilningur”

ur”, sagði forsætisráðherra, og bætti við m.a.: „Það er auðvitað engri þjóð vanskæmd af því að þiggja aðstoð við þessar kringumstæður, þó að vitaskuld sé það frumskylda okkar að hjálpa okkur skjálfr.”

Forsætisráðherra, sem undanfarna daga hefur gegnt starfi utanríkisráðherra vegna fjarveru Einarssonar, upp lýsti ennfremur, að utanríkisráðherra og utanríkisráðuneytið hafi þegar hafið viðræður við sendiherra þeirra ríkja, sem boðið hafa fram aðstoð, um þessi efnis.

„Þarna kemur margt til greina”, sagði forsætisráðherra; ég skal bara nefna t.d. sem dæmi, að vitad er, að í sumum þeirra landa, sem boðið hafa fram aðstoð, eru framleidd tilbúin hús, sem fljótlegt er að setja upp. Það yrði m.a. verkefni að athuga, hvort aðstoð eða fyrirgreiðsla frá öðrum löndum gæti orðið í þeirri mynd, að þau legðu fram hús til þess að bæta úr þeim mikla húsnæðisskortri, sem verður vitaskuld um að ræða, þó að Vestmannaeyingum hafi í bili verið útvegað húsa-skjól.”

Ennfremur sagði forsætisráðherra, að hann vissi ekki betur en á embættismannafundi Norðurlandanna, sem mun hafa verið haldinn í gær, yrði rætt um sameiginlega aðstoð Norðurlandanna við Íslendinga vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. —

Einnig mótmælti forsætisráðherra í sömu ræðu því, að nokkur yrði aðstoð af hálfu varnarliðsins á Keflavíkurlflugvelli hafi verið hafnað.

„Þetta er einnig alger misskilningur; það hefur bvert á

móti bæði að frumkvæði Almannavarnaráðs og að beinum fyrirætlum mínum verið haft fullt samráð við varnarliðið á Keflavíkurlflugvelli um það, á hvern hátt það gæti tekið þátt í björgunarstarfsemiinni og það hefur hvad eftir annað lagt fram sinn skerf í þessu sambandi og hann hefur verið þeginn með þökkum”, sagði Ólafur Jóhannesson.

Í sama streng tekur Almannavarnarráð ríkisins í fréttatilkynningu, sem blaðinu barst í gær. —

Segjast vera frá Eyjum og ljúga út fé og föt

Nú ágerist það mjög, að hverskyns þörupiltar og vandræðamenn gangi um og þykist vera Vestmannaeyingar, og fá hverskyns fyrirgreiðslu út á það.

Þannig hirti lögreglan t.d. mann nokkurn út af einu hótelinu í Reykjavík í gær, en hann hafði

búið þar í nokkra daga í góðu yfirleti.

Starfsfólki hótelsins fannst maðurinn hafa óeðlileg peningaráð, og eyddi hann fénu aðallega í áfengis kaup og aðrar vellýstingar. Ekki er ljóst hvort maðurinn hefur logið þetta fé út hjá Rauðakrossinum, sem Vestmannaey-

ingur, en vist er að hann er Reykjavíkingur.

Rannsóknarlögreglan hirti þannig fjóra áfbrotamenn út af hótelum um helgina, og er henni kunnugt um að menn hafi logið út peninga, með því að segjast vera frá Vestmannaeyjum.

Páll Erikkson lögreglustjóri, sagði í viðtali við blaðið í gær, að ætti þetta ástand eftir að verna, færi það að koma illa niður á Vestmannaeyingum sjálfum, því fólk færi að hætta að trúa því, segdist það vera frá Eyjum.

Oknyttastrákar hafa einnig fært sér ástandið í nyt, og skáka

óspart í því skjóli að vera frá Eyjum, ef eitthvað á að tukta þá til.

Lögreglunni er einnig kunnugt um menn, sem hafa logið út mat og fót á fólkskum forsendum, og varar fólk við að láta gleppast af hverskonar galgopum, sem villa á sér heimildir. —